

# Frumvarp til laga um breytingu á lögum Hugarafis

## 1. gr.

### Um 3. gr. laganna – Stjórn, starfsemi og ráðstöfun fjár

Eftirfarandi eru tillögur til lagabreytinga hvað varðar 3. gr. laganna, þar sem málsgreinum er eftir atvikum breytt, þær felldar á brott eða nýjum bætt við.

#### 1. mgr. 3. gr. laganna er nú svohljóðandi:

Fimm manna stjórn er kosin á aðalfundi félagsins sem haldinn er ár hvert auk þriggja varamanna. Stjórnarmeðlimir skipta með sér verkum þannig að skipaður er stjórnarformaður, ritari og meðstjórnendur.

#### Tillaga að breytingum á 1. mgr. er eftirfarandi:

Fimm manna uppstíllt aðalstjórn er kosin á aðalfundi félagsins sem er haldinn ár hvert auk tveggja varamanna. Aðalstjórn skiptir þannig með sér verkum að skipaður er aðalstjórnarformaður, ritari og meðstjórnendur. Hlutverk aðalstjórnar er að gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og sinna fjáröflun. Aðalstjórn er kosin til tveggja ára í senn og skal enginn sitja lengur en sex ár samfelt í aðalstjórn Hugarafis.

#### Í 3. gr. kemur **ný 2. mgr.** um stjórn sem hljóðar með eftirfarandi hætti:

Fimm manna stjórn er kosin á aðalfundi félagsins auk tveggja varamanna. Stjórn skiptir með sér verkum þannig að skipaður er stjórnarformaður, ritari og meðstjórnendur. Stjórn framkvæmir ákvarðanir aðalstjórnar, sér um innra starf Hugarafis og skiptir með sér verkum eins og þörf er á. Stjórn er kosin til tveggja ára í senn. Enginn skal sitja lengur en sex ár samfelt í stjórn Hugarafis þó með þeim fyrirvara að berist ekki framboð eða næg framboð, fá sitjandi stjórnarmeðlimir tækifæri til að bjóða sig fram á nýjan leik. Haldinn verður auka aðalfundur til þess að kjósa þar um. Viðkomandi situr þá í stjórn fram að næstu kosningum.

#### Í 3. gr. kemur **ný 3. mgr.** um framkvæmdastjóra sem hljóðar svo:

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem fer með daglegan rekstur ásamt stjórn. Framkvæmdastjóri er ekki meðlimur í stjórn en situr fundi þeirra.

#### Í 3. gr. kemur **ný 4. mgr.:**

Stjórnarseta er sjálfboðastarf og án þóknunar.

#### Núverandi 2. mgr. 3. gr. verður að 5. mgr. 3. gr.:

Gjaldkeri starfar utan stjórnar og gerður er ráðningarsamningur til eins árs í senn.

#### Núverandi 3. mgr. 3. gr. verður að 6. mgr. 3. gr.:

Fjármál og samstarf við endurskoðanda er á ábyrgð stjórnar. Fjármál og fjárútlát eru rædd á opnum Hugarafisfundum. Minni háttar ákvarðanir við fjárútlát eru tekin á Hugarafisfundum en stærri fjárútlát eru ákveðin í samráði við stjórn og með samþykki stjórnar. Fjármál eru á ábyrgð stjórnar. Fjárframlögum er ætlað að standa undir starfsemi Hugarafis sem ávallt byggir á markmiðum og hugmyndafræði. Einnig stuðlar

Hugarafshópurinn (virkir Hugarafsfélagar), og stjórn að mótun nýrra verkefna og fjáröflun til þeirra.

*Núverandi 4. mgr. 3. gr. verður að 7. mgr. 3. gr.:*

Hlutverk stjórnar er einnig að gæta þess að unnið sé samkvæmt markmiðum og hugmyndafræði Hugarafls. Stjórn tekur ábyrgð á að varðveita sögu Hugarafls og þau markmið sem stofnendur lögðu upp með. Stjórnin ber einnig ábyrgð á að stuðla að því að hugsjónin sé öllum kunn og höfð í heiðri á hverjum tíma. Stjórnarmenn þurfa að vera til fyrirmyndar varðandi ofangreind atriði og ávallt fara eftir lögum Hugarafls, og fylgja verklags- og húsreglum í hvívetna.

*Núverandi 5. mgr. 3. gr. verður að 8. mgr. 3. gr.:*

Ef upp kemur erfið ákvarðanatöku sem gæti klofið Hugarafshópinn eða skapað meiri háttar erfiðleika innan Hugarafls, tekur stjórn að sér ákvarðanatöku og ábyrgð á henni gagnvart félagsmönnum og öðrum sem málið kann að varða. Þá vísar Hugarafshópurinn ákvarðanatöku sem ekki var hægt að leysa á Hugaraflsfundum til stjórnar að loknum umræðum á Hugaraflsfundi.

*Núverandi 6. mgr. 3. gr. verður að 9. mgr. 3. gr.:*

Ef alvarleg áföll eiga sér stað sem erfitt er fyrir Hugarafshópinn að leysa, er hægt að vísa því til stjórnar. Stjórn ræðir málið, kemur með tillögur að úrvinnslu og tekur jafnframt ábyrgð á að útfæra tillögur í takt við hugmyndafræði og markmið Hugarafls, með heill starfshópsins að leiðarljósi.

*Núverandi 7. mgr. 3. gr. verður að 10. mgr. 3. gr.:*

Þeir sem bjóða sig fram til stjórnar þurfa að þekkja vel innviði starfsins og vera vel að sér í hugmyndafræði Hugarafls. Þeir þurfa einnig að hafa verið virkir á Hugaraflsfundum í a.m.k ár, hafa verið til fyrirmyndar og ávallt farið eftir og virt verklags- og húsreglur félagsins .

### **8. mgr. 3. gr. laganna fellur á brott**

Í stjórn skal ávallt vera einn meðlimur frá unghugum ef þeir eru starfandi innan Hugarafls þegar stjórn er mynduð.

*Núverandi 9. mgr. 3. gr. verður að 11. mgr. 3. gr.:*

Framkvæmdarstjóri situr stjórnarfundi en er ekki meðlimur í stjórn.

## **2. gr.**

### **Um 5. gr. laganna – Félagsgjöld og þátttaka starfsmanna**

Í 5. gr. kemur **ný 6. mgr.** sem hljóðar svo:

Verk sem sköpuð eru í starfi Hugarafls sem og verða til utan hefðbundinnar dagskrár félagsins eru eign félagsins. Félagismaður eða félagsmenn er koma að hugmyndum sem verða að verki framselja höfundarrétt að verkinu til Hugarafls og þannig helst verkið innan félagsins.

### 3. gr.

#### Ný grein kemur í 6. gr. um trúnaðarmann:

##### Trúnaðarmaður

Félagsmenn Hugarafis kjósa sér trúnaðarmann til eins árs í senn. Hægt er að bjóða sig fram til að gegna hlutverki trúnaðarmanns aftur að þeim tíma liðnum.

Allir félagsmenn Hugarafis geta boðið sig fram í kosningu til trúnaðarmanns Hugarafis en gerð er sú krafa að til að geta boðið sig fram sem trúnaðarmaður félagsins viðkomandi sé virkur félagsmaður Hugarafis og hafi verið það í a.m.k. ár.

Trúnaðarmaður er kosinn á fyrsta Hugarafisfundi eftir sumarleyfi, sem að jafnan eru haldnir í september ár hvert. Félagsmenn kjósa trúnaðarmann. Auglýst er eftir framboðum til trúnaðarmanns á lokaðri Facebook síðu félagsins, þar sem virkir félagsmenn hafa aðgang að. Alla jafna verður auglýsing sett þar inn í júní ár hvert.

Trúnaðarmaður er tengiliður félagsmanna við aðalstjórn, stjórn, og starfsfólk Hugarafis. Hlutverk trúnaðarmanns er að vera til staðar fyrir félagsmenn og auðvelda samskipti við stjórn og starfsfólk félagsins.

### 4. gr.

#### 6. gr. núverandi laga um aðalfund breytist í 7. gr. laganna:

##### Aðalfundur

Aðalfundur Hugarafis fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda árlega og eigi síðar en 1. september ár hvert. Til aðalfundar skal boða með sannanlegum hætti með minnst 21 dags fyrirvara. Fundarboðið skal að lágmarki birt á vefsíðu félagsins, hengt upp á tilkynningatöflu félagsins og kynnt á Hugarafisfundi. Óskað skal eftir framboðum, bæði til aðalstjórnar og varastjórnar, í fundarboði aðalfundar.

Allir þeir sem uppfylla skilyrði félagsaðildar Hugarafis eru velkomnir á aðalfund félagsins og hafa eitt atkvæði hver svo framarlega að skilyrði 5. greinar séu uppfyllt. Starfsmenn Hugarafis hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi rétt eins og félagsmenn Hugarafis.

Á fundinum gilda almenn fundarsköp og ræður meirihluti greiddra atkvæða niðurstöðu nema um lagabreytingar þá þarf 2/3 greiddra atkvæða.

### 5. gr.

#### 7. gr. núverandi laga um dagskrá aðalfundar breytist í 8. gr. laganna:

##### Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal í það minnsta innihalda:

1. Ávarp formanns, aðalfundur settur
2. Staðfest skipan fundarstjóra, fundarritara og tveggja atkvæðateljara
3. Staðfest lögmæti aðalfundarboðs
4. Skýrsla stjórnar
5. Ársreikningur síðasta árs kynntur og borinn upp til samþykktar
6. Lagabreytingar
7. Kosning stjórnar
8. Önnur mál
9. Fundarslit

## 6. gr.

*8. gr. núverandi laga um breytingar og niðurlagningu breytist í 9. gr. laganna:*

### **Breytingar og niðurlagning**

Stjórnin tekur ákvarðanir um breytingar og niðurlagningu Hugarafis í samráði við Hugarafishópinn.

Ef leggja skal Hugarafli niður þarf að halda tvo aðalfundi þar sem meirihluti tekur ákvörðun um niðurlagningu og fjármunir ef einhverjir eru í sjóði verður ráðstafað. Fénu verður ráðstafað til einstaklinga sem eru að vinna að geðheilbrigði sínu á einhvern hátt; valið verður á milli þess að styrkja einstaklinga sem sækja um til ákveðinna verkefna eða til að styrkja starf sem lýtur að starfi notenda á einhvern hátt. Fénu verður þannig ráðstafað í samræmi við markmið Hugarafis með samþykkt meirihluta.

## 7. gr.

*9. gr. núverandi laga breytist í 10. gr. laganna:*

Samhliða lögum Hugarafis eru gefnar út verklagsreglur sem eiga að vera öllum aðgengilegar og lýsa hvernig lögum þessum er fylgt. Kynna þarf verklagsreglur og samþykkja á Hugarafisfundi til þess að þær taki gildi.